

geta, mun heldur dylja t. að flokkadrátturinn spillir allri samvinnu oft og einatt, jafnvel í þeim efnum, sem í rauninni eru engin flokksmál. En sundurlyndið er það, sem stendur flestum þeim nállum fyrir þrifum, er á einhvern hátt snerta oss alla sem meðlini hins íslenzka þjóðflokks hér í landi. Þess vegna ættu allir að taka fegnshen'i við hverri a'varlegri tilraun, sem gerð er til þess að eyða flokkadrættinum og því óbarfa sundurlyndi, sem af honum sprettar, með öllum þess illu afleidingu.

Ei til þess að þetta geti orðið, þarf nýr hugsumarháttur að skapaðast alment á meðal vor. Menn þurfa yfirleitt að sjá betur en beir nú viðast sjá, að það er þjóðar-ósómi að nota hvert tækifæri og hverja átllu til þess að hallmæla náunganum bara vegna þess að hann hefir skoðanir, gagn trúðar manns eigin. Það ber vott um ódrengilegan hugsunarhátt að reyna ávalt að gera móttöðumanninn töftryggilegan í augum allra. Ekki heldur lýsir það neinni göfugmensku, að líta með fyrirlitningu á alt, sem ekki tilheyrir manns eigin flokki. En að þetta séu vopin, sem stundum hafa litið bezt í flokksbaráttunni hér, getur enginn neitað, sem henni er kunnugur. Alt þetta ætti að hverfa. Klikkuskapurinn ætti að eyðileggjast, en í staðinn fyrir hann ætti að koma heilbrigð skifting manna í flokka í hverju máli, sem er eftir sannfæringu inni saman. Þegar svo að sannfæringerin ein réði flokkaskipuninni, þá mundu menn bera meiri virðingu hver fyrir annars skoðum. Því vanalega eru það mennirnir, sem enga verulega sannfæringu hafa, sem svæsnastir eru í því að óvirða skoðanir "unnara. Með heilbrigðri flokkaskiftingu mundum vér losna mikið við þann ófrið á milli flokkanna, sem hingað til hefir átt sér stað, því meiri hlutinn af honum hefir í rauninni ekki verið um skoðanirnar, heldur á yfirborðinu, sem sést bezt á því, að margir þeirra, sem minsta þekkinguna hafa á skoðununum sjálfum, hafa látið ófríðlegast. Einmitt vegna þess, að vér höfum látið smámunina sitja þarf í fyrirrúmi og höfum látið stjórnast of mikið af hleypidómum, hefir flokkastríðið ekki verið æfinlega um skoðanir, og sannfæringerin um hvað rétt sé eða rangt hefir ekki heldur ráðið í hvaða flokk menn skipuðu sér.